



MS
GNOÐARVOGI
43, 104
REYKJAVÍK

ÁRSSKÝRSLA
MENNTASKÓLANS
VIÐ SUND 2013

Virðing – Jafnrétti - Ábyrgð – Heiðarleiki



Ársskýrsla 2013

Menntaskólinn við Sund

Skýrsla til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Nemendur og starfsfólk	4
Nemendur	4
Starfsfólk	7
Námsframboð	9
Áherslur skólans og leiðir að markmiðum í skólasamningi MS og MMR	10
Húsnæðismál	12
Rekstrarstaðan og niðurskurður	14
Samstarf	15
Lokaorð	16

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir skólastarfinu í Menntaskólanum við Sund árið 2013. Farið verður yfir stærð skólans, námsframboð og rætt um hvernig tekist hefur að ná markmiðum sem sett voru fram í skólasamningi MS og ráðuneytisins 2013-2016 og ná til ársins 2013. Farið er yfir helstu áherslur í breytingastarfi innan skólans og fjallað um húsnæðismál, sérstaklega undirbúning að því að reisa viðbyggingu við skólann. Fjallað er um rekstrarstöðuna og horfur næsta árið. Að lokum er fjallað um samstarf MS við ýmsa aðila.

Nemendur og starfsfólk

Nemendur

Á vorönn 2013 (1. 2. 2013) voru samtals 736 nemendur við skólann, 365 stelpur og 371 strákar. Þeir skiptust á námsbrautir þannig að á málabraut voru 22 nemendur, á félagsfræðabraut 374 nemendur og á náttúrufræðibraut 340 nemendur.

Á haustönn 2013 (1. 10. 2013) voru samtals 741 nemandi við skólann, 362 stelpur og 379 strákar. Þeir skiptust á námsbrautir þannig að á félagsfræðabraut 398 nemendur og á náttúrufræðibraut 343 nemendur.

Flestir nemendur MS eru á sama aldri þ.e. á aldrinum 16 til 19 ára eins og sést á mynd 1.

Fæðingarár	Karl	Kona	Samtals
1993	1	3	4
1994	90	77	167
1995	77	76	153
1996	101	90	191
1997	110	115	225
1998	1	0	1
Samtals	380	361	741

Mynd 1: Fjöldi nemenda eftir fæðingarári og kyni 1. 10. 2013.

Brotthvarf nemenda á milli haustannar 2012 og vorannar 2013 var 24 nemendur eða 3,2% sem var mun hærra en árið áður en þá var það 1,2% (9 nemendur). Brotthvarf var mest á 1. námsári eða 5,5% en minnst á 4. námsári 1,1% en það var 2,9% á 2. námsári og 2,6% á 3. námsári.

Brotthvarf nemenda í MS skólaárið 2012-2013 var samtals 56 nemendur eða 7,6% sem er mikil hækkun frá fyrra ári en þá var brotthvarf 4,3%. Brotthvarf var 11 nemendur á 1. námsári, 21 nemandi á 2. námsári, 21 nemandi á 3. námsári og 7 nemendur á 4. námsári. Ekki er ljóst hvað orsakar þessa aukningu á brotthvarfi en nú er unnið að sérstöku þróunarverkefni á þessu sviði í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið til að rannsaka ástæður brotthvarfs og finna leiðir til að minnka brotthvarfið.

Alls útskrifuðust 159 nýstúdentar frá MS vorið 2013, 90 stúlkur og 69 piltar. Þar af útskrifuðust 20 nemendur af málabraut, hugvísindakjörsviði, 48 nemendur af félagsfræðabraut, félagsfræðikjörsviði, 25 nemendur af félagsfræðabraut, hagfræðikjörsviði, 46 nemendur af náttúrufræðibraut, líffræðikjörsviði, 10 nemendur af náttúrufræðibraut, umhverfisfræðikjörsviði og 10 nemendur af náttúrufræðibraut, eðlisfræðikjörsviði. Síðar um sumarið útskrifuðust 6 nemendur til viðbótar eftir viðbótarnám í sumarskóla og fjarnámi. Alls útskrifuðust því 165 nemendur 2013.



Mynd 2: Nýstúdentar MS 2013

Skúli Þór Magnússon 2013

Nánari upplýsingar um skiptingu nemenda eftir bekkjum, námsárum, kjörsviðum og kyni er að finna á heimasíðu MS ([Nemendur MS](http://www.msund.is/page.asp?id=816&x=)) <http://www.msund.is/page.asp?id=816&x=>.

Skipting nemenda MS eftir lögheimili þeirra 1. 10. 2013				
	Október 2013			
Nemendur með lögheimili í Reykjavík:	Fjöldi	%		
101 Miðbær	11	1,5		
103 Nýi miðbærinn	4	0,5		
104 Vogar	76	10,3		
105 Hlíðar	38	5,1		
107 Vesturbær	3	0,4		
108 Bústaðahverfi	65	8,8		
109 Neðra Breiðholt	79	10,7		
110 Árbær	110	14,8		
111 Efra Breiðholt	23	3,1		
112 Grafarvogur	113	15,2		
113 Þúsaldarhverfið	27	3,6		
116 Kjalarnes	7	0,9		
Samtals:	556		77,7	
Nemendur með lögheimili í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur:	Fjöldi	%		
Seltjarnarnes	10	1,3		
Kópavogur	68	9,2		
Garðabær	4	0,5		
Hafnarfjörður	6	0,8		
Mosfellsbær	75	10,1		
Álftanes	5	0,7		
Samtals:	168		19,8	
Nemendur með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins:	Fjöldi	%		
Vesturland	4	0,5		
Vestfirðir	1	0,1		
Norðurland	3	0,4		
Austurland	0	0,0		
Suðurland	9	1,2		
Útlönd	0	0,0		
Samtals:	17		2,5	
Samtals:	741	100,0		

Mynd 3: Skipting nemenda MS eftir lögheimili þeirra 1. 10. 2013

Á mynd 3 sjáum við skiptingu nemenda eftir lögheimili þeirra þann 1. október 2013. Á undanförunum árum höfum við ekki séð miklar sveiflur í hlutfallslegri skiptingu nemenda MS hvorki milli landssvæða né hverfa innan höfuðborgarsvæðisins. Sjá nánari upplýsingar yfir lengra tímabil þ.e. frá 2003 á heimasíðu MS <http://www.msund.is/page.asp?id=2550&x=> .

Á mynd 4 sjáum við þróun bekkjarstærðar í MS frá 2004 til 2013. Meðalbekkurinn hefur stækkað úr 22,6 nemendur í 24,7 nemendur og við sjáum einnig að hlutfall bekkja með 25 nemendur eða fleiri hefur hækkað úr 47% í 50% og fór í 74% árið 2010. Hópanýtingin hefur verið yfir 100% síðustu þrjú árin. Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á skólastarfið þó erfitt sé að mæla það nákvæmlega. Kennslustofur eru troðfullar, námsframboð takmarkaðra, námsumhverfið erfiðara fyrir marga nemendur, kennarar geta ekki veitt nemendum eins góða þjónustu og áður og starfsálag hefur aukist mjög mikið hjá kennurum vegna stærri nemendahópa, meira álags í kennslustundum og fleiri verkefni og próf til yfirferðar í hverri viku.

Menntaskólinn við Sund		Bekkjarstærð 2004-2013								
Meðalbekkjarstærð	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
1. bekkur	27,7	27,6	27	27,9	25,5	28,6	28,8	26,8	27,4	28,8
2. bekkur	24,6	24,3	23,1	23,4	22,9	26,2	28,2	25	25,4	24,5
3. bekkur	19,4	22,6	20	21,4	21,3	20,9	28,3	24,4	23,6	21,7
4. bekkur	16,7	14,4	19,5	20,4	18,9	16,6	21,5	23,3	24,9	23,3
Heildin	22,6	22,4	22,4	23,6	22,6	23,4	25,8	24,8	25,3	24,7
Hlutfall bekkja með 25 nemendur og fleiri										
1. bekkur	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
2. bekkur	33	44	55	25	38	89	100	75	57	38
3. bekkur	25	25	25	14	29	14	56	38	50	14
4. bekkur	0	0	0	0	0	0	33	38	43	43
Heildin	47	47	45	39	48	55	74	58	63	50

Mynd 4. Þróun bekkjarstærðar frá 2004 til 2013

Starfsfólk

Á vorönn 2013 voru starfsmenn alls 68 talsins, þar af 40 konur og 28 karlar. Kennarar voru 53 en færri voru virkir því tveir voru í veikindaleyfi hluta vorannar og tveir voru í barneignarleyfi og voru því afleysingakennarar ráðnir fyrir þá. Á haustönn 2013 voru starfsmenn alls 66, þar af 40 konur og 26 karlar. Þar af voru 55 kennarar en tveir kennarar voru í barneignarleyfi.

Á þjónustusviði voru alls 14 starfsmenn þó svo að þeir væru ekki allir við störf á sama tíma. Á vorönn 2013 voru það 4 karlar og 9 konur sem sinntu þjónustunni en þar með er talinn rektor sem var í námsleyfi. Á haustönn voru starfsmenn 14 á þjónustusviði, 6 karlar og 8 konur og skiptust þannig: Þrír stjórnendur (rektor, konrektor og kennslustjóri), tveir námsráðgjafar, einn á bókasafni, þrír á skrifstofu (þar af þjónustufulltrúi sem var að hluta á skrifstofu og að hluta á bókasafni, skrifstofustjóri og fjármálastjóri), einn með umsjón með húsnæði, einn baðvörður og

einn ráðinn í 6 mánuði vegna byggingaframkvæmdanna. Tveir voru í hlutastarfi við tölvuþjónustu en annar þeirra var jafnframt kennari. Menntunarstig starfsmannhópsins er mjög hátt eins og sjá má á mynd 5. En hópurinn er að eldast eins og mynd 6 sýnir hér á eftir sem gefur yfirlit yfir lífaldur starfsmanna MS árið 2013 þar sem sést að 20% starfsmanna er 60 ára eða eldri. Meirihluti kennarahópsins er í fullu starfi við skólann eða 36 (66%) kennarar eins og sýnt er á mynd 6.

Menntun starfsmanna:	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna	Samtals
○ BA/BS-próf auk kennsluréttinda.	11	17	28
○ MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.	8	21	29
○ doktorspróf auk kennsluréttinda.	4	2	6
○ Önnur menntun.	3		3
	26	40	66

Mynd 5: Menntun starfsmanna eftir kyni.


Aldursbil	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Yngri en 40 ára	3	7	10	15%
40-49 ára	4	11	15	23%
50-59 ára	10	18	28	42%
60-69 ára	9	4	13	20%
Samtals	26	40	66	100%

Mynd 6: Aldur starfsmanna eftir kyni.

Starfshlutfall kennara	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna
100%	17	19
50-99%	2	9
< 50%	3	5
	22	33

Mynd 7: Starfshlutfall kennara eftir kyni


Á eftirfarandi skipuriti MS má sjá stjórnskipun skólans.



Mynd 8: Skipurit Menntaskólans við Sund

Námsframboð

Námsframboð hefur verið eins síðan 2010 þ.e. boðið er upp á nám á tveimur námsbrautum til stúdentsprófs, félagsfræðabraut sem síðan skiptist í tvö kjörsvið, félagsfræði- og hagfræðikjörsvið og náttúrufræðibraut sem skiptist í þrjú kjörsvið, eðlisfræði-, líffræði- og umhverfisfræði, sjá mynd 4. Fyrir 2010 var einnig boðið upp á nám á málabraut, hugvísindakjörsviði en síðasti málabrautarbakkurinn útskrifaðist vorið 2013. Ástæðan fyrir því að ekki hefur verið boðið upp á nám á málabraut síðan 2010 er sú að það hefði í för með sér lakari hópanýtingu með tilheyrandi kostnaði. Fjöldi valgreina í boði var haldið í lágmarki 2013 eins og undanfarin ár og áhersla lögð á mjög góða hópanýtingu þar vegna niðurskurðar á framlögum til skólans.



Mynd 9. Námsframboð vorið 2013

Áherslur skólans og leiðir að markmiðum í skólasamningi MS og MMR

Í viðauka við skólasamning MS og MMR 2013 - 2016 eru tíundaðar áherslur og markmið á samningstímanum. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012-2013 er gerð ítarlega grein fyrir aðgerðum skólans til að ná fram helstu markmiðum sem þar eru og því verður hér aðeins stiklað á stóru.

a. Markmið

1) Nám

Styrkja ábyrgð, virkni og sköpun nemenda í náminu

Þetta var gert m.a. með áherslu á þróun samvinnunáms og voru 10 kennarar í starfshópi um samvinnunám og hafa prófað það í líffræði, stærðfræði, hagfræði, þýsku, sálfræði og efnafræði og félagsfræði. Á vorönn 2013 var unnið að ýmsum þróunarverkefnum um námsmat m.a. um jafningjamat, sjálfsmat og mat á virkni nemenda í hópvinnu í samvinnunámi, þróun munnlegra prófa og mats á sókratískum umræðum.

2) Skólasýn

Móta sameiginlega skólasýn með áherslu á 3-4 grunngildi

Í upphafi vorannar 2013 var haldinn skólafundur allra starfsmann og fulltrúa nemenda þar sem unnið var í anda samvinnunáms að því að ákveða hver grunngildi MS ættu að vera. Ákveðið að velja eftirfarandi sem grunngildi MS og hafa þau verið kynnt á heimasíðu, veggjum og auglýsingaefni skólans og rætt um þau við nemendur í heimsóknum rektors og konrektors í bekki skólans:

Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki.

3) Námssamfélag

Stuðla að starfsþróun starfsmanna og efla vitund nemenda um skólann sem vinnustað

Þetta var gert m.a. með námsferð starfsmanna til London þar sem 4 skólar voru heimsóttir og áhersla lögð á að kynna sér námið hjá 16-18 ára eða "the Sixth form". Mikil ánægja var með námsferðina meðal starfsmanna og ákveðið hefur verið að fara aftur í námsferð á vorönn 2015. Áhersla er áfram á að efla starfendarannsóknir og hvetja nýja kennara til þátttöku. Einnig er áhersla á að efla þverfaglegt samstarf kennara og birtist það helst í auknu framboði þverfaglegra valgreina og þverfaglegra þróunarverkefna kennara. Jafnréttisdagur MS var haldinn í fyrsta skipti 30. janúar 2013 þar sem stuttmyndin **Fáðu-Já** var kynnt og sýnd öllum nemendum skólans. Ekki tókst að ná markmiðinu um að halda tvo fræðslufundi á önn fyrir þjónustusviðið árið 2013.

4) Stjórnun

Efla lýðræðislegt samstarf stjórnenda og starfsmanna og stjórnenda og nemenda MS

Þetta hefur m.a. verið gert með því að halda tvo samráðsfundi með stjórn Sundamann á önn, halda fund með bekkjartenglum einu sinni á skólaári og móta stefnu um viðbrögð við áföllum og stofnun áfallateymis.

5) Ný skólanámskrá

Taka nýja skólanámskrá í gildi skólaárið 2015-2016

Drög að nýjum námsbrautum til stúdentsprófs liggja fyrir sem byggjast á 3,5 ára námi til stúdentsprófs. Unnið var að mótun styttri námsbrautar, 90-120 F-eininga til framhaldsskólaprófs og er sú vinna langt komin. Búið er að semja þó nokkuð af áfangalýsingum fyrir nýja skólanámskrá en mikil vinna er eftir og það var mjög lítil unnið að því á árinu 2013 vegna þess að í mars 2013 skrifaði þorri kennara undir yfirlýsingu þess efnis að þeir myndu ekki vinna meira að mótun nýrrar skólanámskrár fyrr en þeir hefðu fengið leiðréttingu launa sinna.

6) Sjálfsmat

Nýta bæði eigindlegar og meginlegar aðferðir við sjálfsmat til að bæta skólastarfið

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við sjálfsmat MS t.d. kannanir, umræðufundir, rýnihópar, tölfræðileg gögn. Þjónustukönnun var lögð fyrir alla nemendur á árinu 2013. Einnig voru árlegar nemendakannanir, starfsmannakönnun, mat á stjórnendum og fundur með bekkjartenglum. Hugmyndakassi var útbúinn á Námsnetinu þar sem nemendur geta sett fram ábendingar um það sem vel er gert og það sem betur má fara í skólastarfinu. Árleg markmiðs og aðgerðaáætlun var sett fram haustið 2013 sem útbótaáætlun á grundvelli niðurstaðna sjálfsmats.

7) Húsnæði

Stefnt er að því að taka nýja viðbyggingu og endurbætt húsnæði MS í notkun haustið 2015 og er gert ráð fyrir að ný bygging verði afhent í lok júní það ár.

Sjá umfjöllun í sérstökum kafla um húsnæðismálin síðar í ársskýrslunni.

8) Rekstur

Nýting fjármuna verði eins góð og kostur er

Sjá umfjöllun um fjármálið í sérstökum kafla síðar í ársskýrslunni.

Húsnæðismál

Skólinn starfar nú í 5.143 fermetra húsnæði og þar af er 759 fermetra íþróttaaðstaða. Búið er að rífa gamla byggingu meðfram Gnoðarvogi (Langholt) og tengibyggingu á milli Þrístains og Miðholts (skrifstofubyggingin) en á móti leigir skólinn um 1180 fermetra húsnæði að Faxafeni 10 þar sem Menntaskólinn Hraðbraut er til húsa. Kostnaður skólans vegna þeirrar leigu er um 35 milljónir á ári.

Árið 2012 fór fram undirbúningur að byggingu nýrrar viðbyggingar við MS sem verður um 2830 fermetrar að stærð. Hönnunarsamkeppni fór fram 2012 og þann 25. október 2012 lágu úrslit úr henni fyrir. Fyrstu verðlaun fékk Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan ehf; Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Akos Doboczy, arkitekt, Zoltán V. Horváth, arkitekt. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg standa sameiginlega að þessum framkvæmdum og stefnt er að því að taka viðbygginguna í notkun um haustið 2015. Útboð vegna framkvæmdanna verða opnuð 11. mars 2014 og er um heildarútboð að ræða sem byggir á

fullfrágengnum teikningum. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4858/8420_read-33670/5704_view-5827/ og á vef Framkvæmdasýslu ríkisins.

Samningur um byggingu um 2830 fermetra byggingar við skólann var undirritaður af Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra og Jóni Gnarr borgarstjóra 7. október 2013 en framkvæmdir við grunn þeirrar byggingar höfðu hafist í september sama ár og stóðu út árið.



Mynd 10: Jón Gnarr borgarstjóri og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra undirrita samkomulag um viðbyggingu MS 7. október 2013



Mynd 11: Niðurrif í MS haustið 2013



Mynd 12: Niðurrif í MS haustið 2013

Rekstrarstaðan og niðurskurður

Rekstrarstaða skólans er slæm. Niðurskurður síðustu ára hefur sett sitt mark á skólastarfið með þeim hætti að vafasamt er að skólinn geti við svo búið sinnt hlutverki sínu. Áframhaldandi niðurskurður er útilokaður ef skólastarfið á að vera áfram í sömu mynd. Halli á rekstri skólans 2012 var 22.515.620 krónur og uppsafnaður halli í árslok það ár var 14.314.401 krónur. Ekkert var brugðist við óskum skólans um framlag vegna mikilla forfalla kennara árið 2012 og má rekja hallarekstur skólans árið 2012 til þess. Heldur dró úr forföllum 2013 og með áframhaldandi niðurskurði á þjónustu og starfsemi í skólanum tókst að skila árinu 2013 réttum megin við núllið en hagnaður ársins var 115.288 krónur og því var höfuðstóll neikvæður um 14.199.113 krónur í árslok 2013. Engin úrræði eru tiltæk eða þekkt til að greiða þennan halla niður komi ekki til breyting á framlögum til skólans.

Það er álit skólans að búið sé að kippa rekstrargrundvelli undan skólanum með niðurskurði undanfarinna ára sem og með ýmsum tilfærslum fjármagns í reiknilíkani framhaldsskóla. Þá er það einnig skoðun skólans að ótækt sé að gera ráð fyrir að nemendur fái áfram kennslu þegar kennari forfallast fyrst ákveðið var árið 2010 að hætta að greiða skólunum uppbót vegna forfalla kennara. Núverandi fyrirkomulag gengur ekki.

Samstarf

MS er í samstarfi við foreldraráð MS sem á áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Kennslustjóri er tengiliður skólans við foreldraráðið. Foreldraráðið kynnti starfsemi sína á fundi með foreldrum og forráðamönnum nýnema á haustönn 2013. Á vorönn 2013 stóð foreldraráðið fyrir því að hafa foreldravakt fyrir utan skóladansleiki MS og hélt því áfram á haustönn 2013.

MS er í nánú samstarfi við Vogaskóla á mörgum sviðum. Nær samstarfið til stjórnunar, kennslu á tungumáladegi og stærðfræðidegi, samstarfs um vinnuumhverfismál og gagnkvæmar kynningar á þróunarstarfi kennara á kennarafundum. Á vorönn 2013 var haldinn fundur íslenskukennara Vogaskóla og MS um skil skólastiga og er stefnt að því að halda slíka fundi í fleiri faghópum.

Af samstarfi við aðra aðila þá má m.a. nefna að stærðfræðikennarar voru í samstarfi við stærðfræðikennara í Langholtsskóla um verkefnavinnu yngri nemenda, íslenskukennari í samstarfi við hjúkrunarheimilið Mörkina um verkefni um þróun íslensks máls og lífsleiknikennarar í samstarfi við Langholtskirkju um fræðslu um sorgarviðbrögð.

MS var í samstarfi við líkamsræktarstöðvar og íþróttafélög í nærsamfélaginu um dagskrá á þemadegi bæði á vorönn og haustönn 2013. Þá opnuðu þau aðstöðu sína og veittu ókeypis aðgang og fræðslu um starfsemi sína. Hreyfing hefur einnig veitt starfsfólki MS afslátt.

Rektor skólans er í samstarfi (formlegu sem óformlegu) við skólameistara annarra bóknámsskóla bæði á grundvelli faglegra sem rekstrarlega viðfangsefna og situr jafnframt í stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana en á vegum þess félags er meðal annars unnið að umbótum í stjórnsýslunni, fræðslu fyrir forstöðumenn ríkisstofnana og veittur stuðningur og ráðgjöf við þá í álitamálum svo fátt eitt sé nefnt.

Lokaorð

Hér hefur verið gerð lausleg grein fyrir nokkrum þáttum í skólastarfinu árið 2013. Það er viðvarandi krísuástand í skólamálum. Óvissa um gildistöku laga um framhaldsskóla frá 2008, kjaradeilur, viðvarandi niðurskurður í framlögum til skólans með tilheyrandi rekstraróvissu, óvissa um námskrár og byggingaframkvæmdir við skólann setur sitt mark á skólastarfið. Mesta furða hversu vel skólanum hefur tekist að sinna sínu hlutverki og er það eingöngu þakkað frábæru starfsfólki.

Reykjavík, 11. mars 2014

sign

Már Vilhjálmsson, rektor